

Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar sbr. 47. gr barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Barnaverndarþjónusta Garðabæjar, sem ber ábyrgð á barnavernd í sveitarfélaginu, sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, veitir foreldrum og barni 15 ára og eldra sem er aðili máls fjárstyrk til greiðslu fyrir lögmannsaðstoð eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum, vegna málsmeðferðar fyrir umdæmisráði barnaverndar í Kraganum, áður en kveðinn er upp úrskurður, sbr. 1. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

2. gr.

Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku í umdæmisráði, þ.e. vegna vinnuframlags til undirbúnings og mætingar á fund umdæmisráðs þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Eftir atvikum er jafnframt veittur styrkur til kynningar á niðurstöðum umdæmisráðs.

Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum barnaverndarþjónustu nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns. Ekki er veittur styrkur vegna kostnaðar við ferðalög og/eða ferðatíma lögmanns á fundi umdæmisráðs nema sérstaklega sé um slíkt samið.

Barnaverndarþjónusta Garðabæjar veitir jafnframt aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmannskostnaðar fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. gr.

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð er háður því skilyrði að viðkomandi aðstoðarmaður hafi virk lögmannsréttindi, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn.

4. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barns velja sér sjálfir lögmann. Hið sama gildir um barn sem náð hefur 15 ára aldri og er aðili að máli, sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

5. gr.

Umsækjandi um styrk skal leggja fram skriflega umsókn um fjárstyrk á fjölskyldusviði Garðabæjar.

Við ákvörðun um fjárstyrk er tekið tillit til efnahags umsækjanda.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um efnahag umsækjanda, s.s. staðfest afrit síðasta skattframtals, afrit af álagningarseðli, yfirlit yfir tekjur umsækjanda og önnur þau gögn er fjölskyldusvið kann að kalla eftir.

Fjárhæð styrks skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins. Tekið er mið af tímagjaldi sem fram kemur í viðmiðunarreglum dómstólasýslunnar um greiðslu málsvarnarlauna í sakamálum. Að jafnaði skal ekki veittur fjárstyrkur til greiðslu fleiri en 15 klst. vegna meðferðar máls fyrir umdæmisráði og 10 klst. vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála. Fjárstyrkur er greiddur til lögmanns samkvæmt reikningi og framlagðri tímaskýrslu.

6. gr.

Ákvörðun um fjárhæð styrks er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

7. gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða þá ef mál sætir meðferð umdæmisráðs barnaverndarþjónustu Garðabæjar og úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

8. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2023 og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur samþykktar í bæjarstjórn 2. desember 2021.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar.
15. desember 2022*

*Guðjón Erling Friðriksson
bæjarritari*